


✉ Re: Hjálmholtsnáma - umsagnarbeiðni

Búið til	14.4.2021 17:34:53
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	14.4.2021 17:35:17
Tilheyrir	 202103-0027 - Hjálmholtsnáma - umsagnarbeiðni

Efni

Re: Hjálmholtsnáma - umsagnarbeiðni

Upplýsingar

Sent	14.4.2021 17:35:17	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Jon.A.Jonsson@skipulag.is
Cc	skipulag@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202103-0027

Í meðfylgjandi tölvupósti frá Skipulagsstofnun, dags. 23. mars 2021, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við tillögu að matsáætlun vegna efnistöku í Hjálmholtsnámu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið fyrir framangreinda tillögu að matsáætlun og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Verndargildi Þjórsárhraunsins

Þjórsárhraunið er stærsta hraun á Íslandi runnið á nútíma fyrir um 8600 árum og tengist Bárðarbungueldstöðvakerfinu. Hraunið hefur hátt vísindagildi og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Þjórsárhraunið er áætlað um 970 km² að stærð og er víða 15-20 m þykkt, að meðaltali um 25 m þykkt. Víða er hraunið þakið jarðvegi og gróðri, eða yngri hraunum og þess vegna eru ekki margir staðir á Suðurlandi þar sem yfirborð Þjórsárhraunsins er eins greinilegt og það er undir sunnan- og austanverðu Hestfjalli. Vegna sérstöðu Þjórsárhrauns telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að varðveita yfirborð hraunsins, eins og kostur er, á þeim svæðum þar sem það er óraskað, eins og raunin er t.d. undir Hestfjalli. Á framkvæmdarsvæðinu hefur Þjórsárhrauninu (Merkurhrauni) nú þegar verið raskað að hluta vegna efnistöku og það verður ekki bætt eða endurheimt, en þess frekar er þörf á því að vernda svæði með óröskuðu yfirborði hraunsins.

Umfang efnistöku

Í framkvæmdarlýsingu á bls. 11 stendur: "Núverandi efnistökusvæði í Hjálmholtsnámu er um 12 ha að stærð og niðurgafið í Merkurhraun. Svæðið verður með árunum stækkað upp í allt að 25 ha og unnir allt að 150.000 m³ af efni, það er sú efnistaka sem að gildandi aðalskipulag Flóahrepps gerir ráð fyrir. Áætlað er að

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Jón Ágúst Jónsson" <Jon.A.Jonsson@skipulag.is>
To: "floahreppur@floahreppur.is" <floahreppur@floahreppur.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>;
"postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "ust@ust.is"
<ust@ust.is>
CC:
Subject: Hjálmholtsnáma - umsagnarbeiðni
Date: 23.3.2021 14:17:00

Ágæti umsagnaraðili,

Nesey ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttækin 19. mars 2021, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hér með er óskað eftir umsögn um meðfylgjandi tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort gerðar séu athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmd er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir **14. apríl 2021** á netfangið skipulag@skipulag.is (mailto:skipulag@skipulag.is).

Formleg umsagnarbeiðni ásamt útprentaðri greinargerð mun berast með bréfpósti á næstu dögum til þeirra sem ekki hafa afþakkað útprentuð gögn.

Kv. Jón

Jón Ágúst Jónsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100
Jon.A.Jonsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)

